

áhrifum áfengis ekið bifreið Y 500 frá Heimavist Menntaskóla Akreyrar áleiðis til Skjaldarvíkur fimmtudagsnótt 16. ágúst 1962, unz bifreiðin fór út af vegi á mótum gamals og nýs vegar í nánd við Lónsbrú á vesturströnd Eyjafjarðar í Eyjafjarðarsýslu.

Ber því að sýkna ákærða af ákæru ákærvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan málskostnað í máli þessu, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sturla Eiríksson, skal vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr.1.500.00 alls.

Föstudaginn 7. júní 1963.

Nr. 48/1963. **Ákærvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)

gegn

Guðmundi Geirssyni

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómamennir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að svipting ökuleyfis telst hæfilega ákveðin 6 mánuðir alls og frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 2.500.00, og laun verjanda síns, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Geirsson, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 2.500.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. desember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 14. þ. m., hefur af ákærvaldsins hálfu verið höfðað fyrir sakadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn Guðmundi Geirssyni sjómanni, Laugarbraut 9, Akranesi, en dveljandi vegna atvinnu sinnar í Ólafsvík, með ákæruskjali, útgefnu af saksóknara ríkisins þann 27. nóv. 1962, fyrir að hafa ekið aðfaranótt sunnudagsins 20. ágúst 1961 undir áhrifum áfengis bifreiðinni P 69 frá samkomuhúsinu Ölver í Leirár- og Melahreppi, unz hann ók henni út af veginum við Laxá í Leirársveit, þar sem löggæzlumenn handtóku hann um kl. 0400.

Þykir þetta atferli ákærða varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 2. marz 1920 á Akranesi, hefur áður sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1935 1/2 Akranes. Sátt, 6 kr. sekt og 4 kr. skaðabætur fyrir brot á lögreglusamþykkt.

1926 7/5 S.-H. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

Málavextir eru þeir, að rétt fyrir kl. 0400 sunnudaginn 20. ágúst 1961 ók vörubifreiðin P 69 á vegmerki og út af þjóðveg-inum í Leirársveit í Borgarfirði rétt við brúna yfir Laxá. Ákærði ók bifreiðinni og var einn í henni. Í sama mund bar þar að löggæzlumenn í bifreið. Sýndist þeim ákærði vera undir áhrif-um áfengis og fóru með hann til Akraness, þar sem tekið var úr honum blóðsýnishorn til alkóhólákvörðunar.

Ákærði skýrir svo frá, að á dansleik í Ölver um nóttina og kvöldið áður hafi hann drukkið ca. 7—8 flöskur af bjór og pils-ner, hvorttveggja venjulegt Egilsöl, og neitar eindregið að hafa drukkið nokkuð annað. Segir hann, að akstursóhappið hafi stafað af því að rúðupurrka bifreiðarinnar hafi farið úr sambandi og kveðst hann hafa litið af veginum, er hann var að reyna að koma henni í samband. Í sama mund hafi hann orðið var við bifreið löggæzlumannanna hinum megin við brúna. Hafi sér þá orðið ljóst, að hann yrði að stöðva bifreið sína til þess að hleypa bifreið löggæzlumannanna fram hjá, en í fátinu, sem á hann kom við þetta, hafi hann misst stjórn á bifreiðinni og hún lent út af veginum.

Pétur Albertsson löggæzlumaður, sem var í bifreiðinni, er kom á slysstað í þann mund, er ákærði ók út af, skýrir svo frá, að hann hafi ekki beinlínis séð áfengisáhrif á ákærða umrætt sinn, en kveðst strax hafa fengið grun um áfengisneyzlu hjá honum vegna framkomu hans. Löggæzlumaðurinn kveðst hafa spurt ákærða, hvort hann hefði neytt víns, en því hafi ákærði svarað svo, að víns hefði hann ekki neytt, en drukkið nokkra bjóra.

Kristján Finnsson löggæzlumaður kom á vettvang í sömu bifreið og Pétur Albertsson löggæzlumaður. Hann kveðst strax hafa fengið grun um, að ákærði væri undir áfengisáhrifum. Segir hann, að akstur ákærða hafi verið óskiljanlegur, þar sem vegurinn á slysstað væri beinn og góður og engin sýnileg ástæða til ákeyrslu. Þá segir hann, að ákærði hafi verið þreytulegur og þvældur að sjá og dauflegur, en ekki hafi sézt á göngulagi hans, að hann væri undir áfengisáhrifum; þó hafi framkoma ákærða og útlit svo og akstursóhappið allt verið með þeim blæ, að hann telji sennilegt, að ákærði hafi verið undir áfengis-áhrifum.

Alkóhólrannsókn á blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða nóttina, sem umferðarslysið skeði, leiddi í ljós reducerandi efni

í því, sem samsvara 1.01% af alkóhóli. Með tilliti til þeirrar niðurstöðu og framburða löggæzlumannanna, sem raktir hafa verið hér að framan, verður að teljast sannað, þrátt fyrir framburð ákærða sjálfs, að ákærði hafi verið undir þeim áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar P 69 aðfaranótt sunnudagsins 20. ágúst 1961, að hann hafi ekki getað stjórnað henni örugglega.

Brot ákærða er réttilega fært til refsíákvæða í ákæruskjali og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjöggra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra í þrjá mánuði frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dóms að þessu leyti.

Ákærði greiði sakarkostnað allan.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Geirsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjöggra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í þrjá mánuði, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
